

Fundarmenn:

Hörður Helgi Helgason (formaður) (HHH)

Aðalheiður Ámundadóttir (AÁ)

Elfa Ýr Gylfadóttir (EÝG)

Elísabet Pétursdóttir (ritari)

Páll Þórhallsson (PÞ)

Þórdís Kolbrún Gylfadóttir (ÞKG)

Fyrirliggjandi gögn:

Drög að fundargerðum frá fyrsta og öðrum fundi.

1. Verkefnaáætlun

- a. *Heimildarmannavernd*: Það atriði verður geymt. Verður ekki farið í, a.m.k. að sinni. Hrd. um aðstoðarmann innanríkisráðherra ræddur stuttlega, gefur vísbendingu um að heimildarmannaverndin haldi, a.m.k. í sambærilegum málum.
- b. *Vernd afhjúpenda*: Frumvarp til laga er til umfjöllunar á Alþingi. Rætt um hvað stýrihópurinn þurfi að gera til viðbótar því sem þegar liggur fyrir í frumvarpsdrögum Páls Hreinssonar og frumvarpi Róberts Marshall. HHH sendir fyrir næsta fund drög að bréf til forsætisráðherra. AÁ og PÞ um frumvarp Páls Hreinssonar: Rætt var um hvort rétt væri að tala um tjáningarfrelsi í stað þagnarskyldu. Ræddar voru hugmyndir um að færa til ákvæði innan frumvarpsins í þeim tilgangi að 1. gr. taki ekki til þess hvað sé undanskilið þagnarskyldu heldur fjalli um tjáningarfrelsi með almennum hætti. Minnt á að PÞ ætli að senda uppfært frumvarp á stýrihópinn.
- c. *Samskiptavernd og vernd milliliða* (frumvarp um afnám 3. mgr. 42. gr. fjarskiptalaga og 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. l. 30/2002): AÁ ætlar að taka saman og senda á hópinn fyrir næsta fund stutt yfirlit um alþjóðlegar skuldbindingar með sérstöku tilliti til þess hvort alþjóðlegar skuldbindingar standi í vegi fyrir því að afnám sé mögulegt.

3. fundur stýrihóps um þingsályktun um afgerandi stöðu Íslands varðandi
tjáningar- og upplýsingafrelsi
18. maí 2015, kl. 09-11

- d. *Lögbann á útgáfu (fyrirbyggjt)*: Hópurinn telur þetta að svo stöddu ekki kalla á lagabreytingar.
- e. *Réttarfarsvernd*: AÁ telur þetta hafa kælandi áhrif á blaðamenn. EÝG telur þetta vera eitt þeirra atriða á listanum sem blaðamenn hér á landi hafi hvað mestan áhuga á. 1) PP greinir frá því að Baldur Karl (nemandi við HR, PP er leiðbeinandi hans) sé að skila ritgerð um réttarfarslegar hindranir tjáningarfrelsis. PP mun skoða fyrir næsta fund hvort hún gefi tilefni til að huga að lagabreytingum um þetta efni. 2) AÁ mun taka saman fyrir hópinn hver hugsanleg áhrif af afnámi refsinga vegna ærumeiðinga myndi hafa á þetta atriði. 3) EÝG ætlar fyrir næsta fund að taka saman minnispunkta fyrir hópinn um hvort tilefni sé til þess að gera tillögu um breytingu á lagaumhverfi siðanefnda til að fleiri mál fari í þann farveg og þar með fækki málum sem fara fyrir dómstóla.
- f. *Vernd gagnagrunna og gagnasafna*: Það vandamál sem hér kann að vera er að skortur sé á skýrum upphafspunkti fyrningarfrests ærumeiðingarbrota. Fundarmenn þekkja þess ekki dæmi að reynt hafi á þetta í íslenskum rétti, t.d. að menn hafi reynt að bera fyrir sig fyrningu en ekki tekist vegna þess að atriði hafi verið birt á netinu aftur. Stýrihópurinn telur því að svo stöddu ekki vera þörf á að setja sérstök ákvæði í íslensk lög um upphafspunkt fyrningar. AÁ tekur þetta til skoðunar og sendir hópnum samantekt tímanlega fyrir þarnæsta fund (fimmti fundur).
- g. *Vernd gegn meiðyrðamálaflakki*: HHH bendir á pósta, einkum frá 2012, sem EÝG framsendi á stýrihópinn fyrir þennan fund. Þar á meðal er póstur til Jóns Vilbergs sem inniheldur tillögur sem EÝG gerði árið 2012. Er meiðyrðamálaflakk eitthvað sem við getum stemmt stigu við með íslenskri löggjöf? EÝG bendir á að málinu hafi ekki verið fylgt eftir frá 2012. Því þurfi að skoða hvað gerst hafi í erlendri löggjöf og hvort og þá hvaða breytingar hafi orðið á síðustu þremur árum. EÝG benti á að uppi voru hugmyndir um það í Bretlandi að gera breytingar á löggjöf vegna meiðyrðamálaflakks. EÝG tekur að sér að senda hópnum stutta samantekt um breytingar sem orðið hafa síðan 2012 fyrir fimmta fund.

3. fundur stýrihóps um þingsályktun um afgerandi stöðu Íslands varðandi
tjáningar- og upplýsingafrelsi
18. maí 2015, kl. 09-11

- h. *Upplýsingafrelsi / upplýsingaréttur*: Það hefur verið bent á að ný uppl. voru samþykkt *eftir* að þingsályktunartillagan var samþykkt. Samkvæmt 13. gr. uppl. á að gefa út skýrslu að tilteknum tíma liðnum. PP bendir á að núverandi lagaákvæði séu í ágætu samræmi við nýlega Evrópulöggjöf á sviði upplýsingaréttar, en gildissviðið sé takmarkaðra: Dómstólar, þjóðþingið og lögregla undanþegin. Spurning hvort mætti bæta aðgengi að réttarúrræðum og hraða afgreiðslu enda er fréttarefni jafnan orðið þýðingarlaust þegar úrlausn loksins fæst. Allt er þetta eitthvað sem verið er að skoða nú í vinnu forsætisráðuneytis að skýrslu um reynsluna af framkvæmd upplýsingalaganna. Von er á skýrslunni í sumar/haust. Stýrihópurinn ákvað að skoða þetta ekki frekar en skoða það aftur ef skýrslan gefur tilefni til. Í kjölfar skýrslunnar hyggjast stjórnvöld setja stefnu varðandi upplýsingarétt.
- i. *Rafrænt aðsetur á Íslandi / rafræn staðfesta*: Hljóð- og myndtilskipunin inniheldur lágmarksákvæði sem allir þurfa að innleiða. EÝG tók að sér að skrifa minnisblað um hvernig málum er háttað hvað þetta varðar í tilskipuninni
- j. *„Annað það sem talið er styrkja tjáningarfrelsi, málfrelsi, upplýsingamiðlun og útgáfufrelsi hér á landi“*:
- i. 233. gr. a í fjölmiðlalögum með vísan til erindis BT á lagadeginum. EÝG og PP ætla að taka saman drög fyrir fimmta fund um hvað þeim sýnist hægt að gera til að bæta skýrleika í orðalagi ákvæðisins.
 - ii. *Afnám refsingar vegna ærumeiðinga*. PP heldur að það sé í sjálfu sér tæknilega einfalt að afnema refsingar og færa málaflokkinn yfir í skaðabótarétt. Það þarf að skilgreina hvaða varnir má hafa uppi. PP tekur sem dæmi blaðamann í góðri trú að hann getur verið í rétti skv. MDE og nýlegum íslenskum dómum en samt sem áður er ekki unnt að lesa þennan rétt út úr alm. hegningarlögum. Það verða allir vel lesnir um þetta efni á næsta fundi.

3. fundur stýrihóps um þingsályktun um afgerandi stöðu Íslands varðandi
tjáningar- og upplýsingafrelsi
18. maí 2015, kl. 09-11

- iii. *Frumvarp sem um afnám refsinga við því að guðlast teljist refsivert.*
Frumvarpið er til umfjöllunar á Alþingi. AÁ á von á að það fari í gegn á þessu þingi.
- iv. *Tölvumaður sem getur aðstoðað okkur við að fá opið vefsvæði til að hlaða gögnunum upp á:* Elísabet mun koma HHH í samband við tölvumann MRN til að finna út hvernig hægt sé að setja upp wiki eða skráarsvæði fyrir gögn hópsins: HHH komi gögnunum upp með aðstoð þessa tölvumanns. Elísabet mun einnig athuga hvort það sé hægt að tengja fartölvu í fundarherberginu við skjávarpa.

Fundi slitið kl. 11:00.

Næstu fundir:

- 2. júní 2015 (9-11) (fjórði fundur).
- 23. júní (9-11) (fimmti fundur).

Yfirlit yfir gögn sem lágu fyrir á fundinum:

Nr.	Skjal	Hvaðan fengið
s75	2015 Verkáætlun-útg 0_1.xlsx	2015-05-18 Sent fyrir 3 fund
s76	2015-04-28 Fyrsti fundur-drög 2.docx	2015-05-18 Sent fyrir 3 fund
s77	2015-05-11 Annar fundur-drög 1.docx	2015-05-18 Sent fyrir 3 fund